

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2015

Framtakssjóður Íslands slhf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 651109-0510

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2015

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 15. febrúar 2016

Deloitte ehf.


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. var stofnaður í lok árs 2009 og er tilgangur sjóðsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum. Nýfjárfestingatímabili Framtakssjóðs Íslands slhf. lauk í febrúar 2015 en starfsemi sjóðsins er til ársins 2019. Stjórn FSÍ GP hf. er þó heimilt að lengja líftíma sjóðsins tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Starfrækslutími getur því að hámarki varað til ársins 2021. Núverandi starfsemi sjóðsins er að fylgja eftir fjárfestingum sínum og er honum heimilt að ráðast í frekari fjárfestingar ef það er til þess fallið að vernda eða auka verðgildi fjárfestinga sjóðsins.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands slhf. á árinu 2015 nam um 595 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir sjóðsins um 20.548 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er um 20.538 milljónir króna. Eiginfjárhlutfallið er um 100%. Eins og fram kemur í skýringu nr. 4 þá er það mat sjóðsins að áætlað gangvirði eignarhluta í öðrum félögum sé um 36.619 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er um 20.374 milljónir króna. Engin ársverk eru hjá sjóðnum. Innan sjóðsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem sjóðurinn býr við. Helstu áhættuþættir koma fram í skýringu nr. 9.

Framtakssjóður Íslands slhf. seldi á tímabilinu allan eignarhlut sinn í Advania hf eða um 32% hlut.

Í lok ársins voru hluthafar í sjóðnum 18. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Lífeyrissjóður verslunarmanna 19,9%, Landsbankinn hf. 17,7%, Gildi lífeyrissjóður 16,5%, Sameinaði lífeyrissjóðurinn 8,9%, Söfnunarsjóður lífeyrisséttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Stafir lífeyrissjóður 5,5%, Festa lífeyrissjóður 2,8%, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga 2,8% og Almenni lífeyrissjóðurinn 2,3%.

Stjórn sjóðsins gerir ekki tillögu um að greiddur verði arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands slhf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2016

Í stjórn


Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri


Herdís Dröfn Fjeldsted

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Vaxtatekjur og arður	3	36.416.442	463.238.341
Matsbreyting eignarhluta	4	809.481.924	(161.968.832)
Bakfærð virðisýrnum eignarhluta	4	0	403.000.000
		<u>845.898.366</u>	<u>704.269.509</u>
Umsýslukostnaður		(198.580.596)	(202.966.569)
Beinn kostnaður vegna fjárfestinga	10	(43.789.441)	(30.313.800)
Annar rekstrarkostnaður		(9.001.632)	(9.179.269)
		<u>(251.371.669)</u>	<u>(242.459.638)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>594.526.697</u></u>	<u><u>461.809.871</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fjárfestingar			
Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði	4	20.118.010.543	21.441.452.997
Skuldabréfaeign á tengd félög	8	255.841.000	0
		<u>20.373.851.543</u>	<u>21.441.452.997</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	5	96.096.002	146.454.366
Handbært fé	5	77.734.446	266.144.233
		<u>173.830.448</u>	<u>412.598.599</u>
Eignir		<u>20.547.681.991</u>	<u>21.854.051.596</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	6	20.398.541	22.290.541
Yfirverðsreikningur		18.362.346.630	20.252.454.630
Lögbundinn varasjóður		5.686.309	5.686.309
Óráðstafað eigið fé		2.149.653.587	1.555.126.890
Eigið fé		<u>20.538.085.067</u>	<u>21.835.558.370</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög	8	5.649.055	15.758.863
Aðrar skammtímaskuldir	7	3.947.869	2.734.363
		<u>9.596.924</u>	<u>18.493.226</u>
Skuldir		<u>9.596.924</u>	<u>18.493.226</u>
Eigið fé og skuldir		<u>20.547.681.991</u>	<u>21.854.051.596</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		594.526.697	461.809.871
Óinnleystur hagnaður á markaðsverði eignarhluta	4	0	7.203.804.985
Virðisrýrnun eignarhluta færð til baka	4	0	(403.000.000)
Veltufé frá rekstri		<u>594.526.697</u>	<u>7.262.614.856</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun)		34.517.364	(55.433.923)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(8.896.302)	(50.551.828)
Handbært fé frá rekstri		<u>620.147.759</u>	<u>7.156.629.105</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Endurgreitt kaupverð fjárfestingaverðbréfa	4	1.323.442.454	3.459.787.917
(Hækkun) á kröfum á tengd félög		(240.000.000)	0
		<u>1.083.442.454</u>	<u>3.459.787.917</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Greiddur arður	6	0	(6.588.000.000)
Innborgað hlutafé	6	240.000.000	0
Útborgað hlutafé	6	(2.132.000.000)	(3.600.000.000)
Sérstakur sjóður greiddur út til hluthafa	6	0	(4.231.597.167)
		<u>(1.892.000.000)</u>	<u>(14.419.597.167)</u>
Lækkun handbærs fjár		(188.409.787)	(3.803.180.145)
Handbært fé í upphafi árs		266.144.233	4.069.324.378
Handbært fé í lok ársins		<u>77.734.446</u>	<u>266.144.233</u>

Skýringar

1. Starfsemi

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. var stofnað á árinu 2009 og er tilgangur sjóðsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Í árslok 2013 var FSÍ skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf.

Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar. Ábyrgðaraðili FSÍ slhf. er FSÍ GP hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að markaðsbréf eru færð á gangverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Umsýsluþóknun

Framtakssjóður Íslands slhf. greiðir til Framtakssjóðs Íslands GP hf. umsýsluþóknun í samræmi við skilmála félagsins. Umsýsluþóknuninni er ætlað að standa straum af útlögðum kostnaði er fellur til við rekstur Framtakssjóðs Íslands GP hf. að frádregnum öðrum rekstrartækjum.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og skattar því ekki reiknaðir í ársreikningnum.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði eru eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutarnir eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Eignarhlutar í félögum á markaðsverði

Eignarhlutar í félögum á markaðsverði eru þeir eignarhlutar sem skráðir eru á virkum markaði og keyptir í þeim tilgangi að hagnast á verðbreytingum á skipulögðum markaði. Þeir eru færðir á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Skýringar

3. Vaxtatekjur og arður

	2015	2014
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	20.672.461	117.020.941
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	15.841.000	0
Arður af hlutabréfaeign	0	344.872.179
Aðrar vaxtatekjur	0	1.377.221
Gengistap á gjaldeyrisreikningi	(97.019)	(32.000)
	<u>36.416.442</u>	<u>463.238.341</u>

4. Eignarhlutar í félögum

	2015	2014
Eignarhlutar í félögum færðir á kostnaðarverði:		
Staða í ársbyrjun	21.441.452.997	21.371.871.871
Selt á árinu	(2.132.924.378)	(369.430.952)
Bakfærð virðisrýrnun eignarhluta	0	403.000.000
Innleystur söluhagnaður	809.481.924	36.012.078
Kostnaðarverð í lok ársins	<u>20.118.010.543</u>	<u>21.441.452.997</u>
Eignarhlutar í félögum færðir á markaðsverði:		
Staða í ársbyrjun	0	10.330.174.028
Selt á árinu	0	(10.132.193.118)
Innleystur söluhagnaður	0	7.005.824.075
Fært í markaðsverð	0	(7.203.804.985)
Bókfært verð eignarhluta í lok ársins	<u>0</u>	<u>0</u>

Matsbreyting eignarhluta:

Innleystur söluhagnaður eignarhluta færðir á kostnaðarverði	809.481.924	36.012.078
Innleystur söluhagnaður eignarhluta færðir á markaðsverði	0	7.005.824.075
Óinnleystur hagnaður eignarhluta, breyting á markaðsverði	0	(7.203.804.985)
Matsbreyting eignarhluta	<u>809.481.924</u>	<u>(161.968.832)</u>

Hlutdeild %	Nafnverð
-------------	----------

Yfirlit yfir eignarhluta í félögum á kostnaðarverði:

Eignarhlutur í Icelandic Group hf. (eigin hlutabréf félagsins nema 10%)	90,0%	1.418.962.093 ISK
Eignarhlutur í IEI II hf. (áður Promens hf.)	100,0%	28.234.814 EUR
Eignarhlutur í Invent Farma	38,0%	5.016.385 EUR

Félagið hefur í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13, lagt mat á virði eignarhluta sem það hefur fjárfest í. Félagið styðst einnig við leiðbeiningar IPEV um verðmat (International Private Equity and Venture Capital Investor Valuation Guidelines). Virði eignarhluta í félögum sem eru með skráð hlutabréf sín á markaði eru metin á markaðsverði en aðrir eignarhlutar eru metnir á áætluðu gangvirði (Fair Value). Gangvirðismatið er framkvæmt á þann hátt að framtíðarsjóðflæði hverrar sjóðsskapandi einingar er reiknað og byggir á áætlunum viðkomandi einingar. Framtíðarsjóðflæðið er núvört með ávöxtunarkröfu reiknaðs WACC (Weighted Average Cost of Capital) hverrar einingar og í samræmi við CAPM (Capital Asset Pricing Model). Útkoma gangvirðisprófsins er einnig borið saman við virðismargfaldara samanburðarfélaga og þannig sannreynt að gangvirðið sé ekki ofmetið. Félagið hefur einnig fjárfest í formi skuldabréfalans til eins félagsins sem er fært meðal fjárfestinga í efnahagsreikningi og er það mat félagsins að áætlað gangvirði þessara heildarhagsmuna sé um 36.619 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er 20.374 milljónir króna.

Gangvirðismat er háð utanaðkomandi áhættuþáttum svo sem breytingu á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi, skatthlutfalli, flökti í arðsemi hlutabréfa og markaðsálagi.

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Fjármagnstekjuskattur	96.096.002	146.454.366
	<u>96.096.002</u>	<u>146.454.366</u>

Skýringar

5. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

	31.12.2015	31.12.2014
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	76.675.287	264.988.479
Óbundnar bankainnstæður í erlendra mynt	1.059.159	1.155.754
	<u>77.734.446</u>	<u>266.144.233</u>

6. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 20.398.541 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakur sjóður	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1 2014	22.290.541	20.252.454.630	4.231.597.167	5.686.309	7.681.317.019
Útgreiðsla til hluthafa			(4.231.597.167)		
Greiddur arður					(6.588.000.000)
Hagnaður ársins					461.809.871
Eigið fé 1.1 2015	22.290.541	20.252.454.630	0	5.686.309	1.555.126.890
Lækkun hlutfjár	(2.132.000)	(2.129.868.000)			
Hækkun hlutfjár	240.000	239.760.000			
Hagnaður ársins					594.526.697
Eigið fé 31.12 2015	<u>20.398.541</u>	<u>18.362.346.630</u>	<u>0</u>	<u>5.686.309</u>	<u>2.149.653.587</u>

Hluthafar:

		Hlutfé alls	Hlutdeild í eigið fé
Lífeyrissjóður verslunarmanna	19,9%	4.062.081	4.089.869.228
Landsbankinn hf.	17,7%	3.610.880	3.635.581.614
Gildi lífeyrissjóður	16,5%	3.364.790	3.387.808.140
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	8,9%	1.820.866	1.833.322.334
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	8,5%	1.739.571	1.751.471.205
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	7,4%	1.500.724	1.510.990.280
Stafir lífeyrissjóður	5,5%	1.125.541	1.133.240.696
Festa lífeyrissjóður	2,8%	562.769	566.618.838
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	2,8%	562.769	566.618.838
Almennt lífeyrissjóðurinn	2,3%	471.556	474.781.860
Lífeyrissjóður Bankamanna aldursdeild	2,0%	398.190	400.913.972
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,7%	355.051	357.479.863
Lífeyrissjóður verkfræðinga	1,1%	225.107	226.646.931
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1,0%	205.855	207.263.230
Eftirlaunasjóður FÍA	0,8%	157.575	158.652.952
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,6%	119.306	120.122.159
VÍS hf.	0,6%	112.554	113.323.969
Framtakssjóður Íslands GP hf.	0,0%	3.356	3.378.958
		<u>20.398.541</u>	<u>20.538.085.067</u>

Skýringar

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Ogreiddur kostnaður	3.947.869	2.734.363
	<u>3.947.869</u>	<u>2.734.363</u>

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2015:

	Gjöld	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	198.580.596	0	0	5.649.055
IEI II hf., dótturfélag	0	15.841.000	255.841.000	0
	<u>198.580.596</u>	<u>15.841.000</u>	<u>255.841.000</u>	<u>5.649.055</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2014:

	Gjöld	Tekjur	Handbært fé	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	202.966.569	0	0	15.758.863
Landsbankinn hf., hluthafi	0	82.060.877	3.044.427	0
	<u>202.966.569</u>	<u>82.060.877</u>	<u>3.044.427</u>	<u>15.758.863</u>

9. Áhættustýring

Stjórnendur félagsins fylgjast með þeirri áhættu sem steðjar að undirliggjandi eignum félagsins. Þessir þættir eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Félagið býr við markaðsáhættu vegna gengis hlutabréfa á mörkuðum og virði eignarhluta við sölu. Í skýringu nr. 4 kemur fram bókfært virði þessara eigna og áætlað gangvirði þeirra.

Félagið hefur ekki gert afleiðusamninga en býr við vaxtaáhættu sem sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan snýr að peningalegum eignum félagsins en er einnig fólgin í framtíðarsjóðflæði undirliggjandi eigna í þeim félögum sem félagið hefur fjárfest í.

Félagið býr við gjaldmiðlaáhættu aðallega vegna sjóðflæðis undirliggjandi eigna.

10. Önnur mál

Á árinu 2015 voru gjaldfærðar á reikningsliðinn beinn kostnaður fjárfestinga 32,9 milljónir króna vegna virðisaukaskatts af þjónustukaupum erlendra sérfræðinga á árunum 2010 til 2013.

11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 15. febrúar 2016.

12. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2015	2014
Arðsemi		
Hagnaður ársins	594.526.697	461.809.871
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2015	31.12.2014
Fjárhagslegur styrkur		
Innra virði hlutafjár - Eigið fé/hlutfé	1006,8	979,6
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/Skuldir og eigið fé	100,0%	99,9%